

Framvinduskýrsla Markaðsstofu Suðurlands október til desember 2010.

Þjónustusamningar við sveitarfélög

Á seinustu vikum hefur framkvæmdastjóri átt í viðræðum við sveitarstjórnarmenn með framlengingu á þjónustusamningi. Í sumum tilfellum hefur þurft ítarlegar og fundi sem framkv. hefur fengið stuðning aðila úr stjórn við kynningu. Núna hefur verið gengið frá endurnýjun þjónustusamninga við all flest sveitarfélög á Suðurlandi til næstu fjögurra ára. Eitt nýtt sveitarfélag hefur bæst í hópinn sveitarfélgið Ölfus.



Atvinnulífsmundir

Í samvinnu með Atvinnuþróunarfélaginu hefur markaðsstofan verið kynnt sveitarstjórnarmönnum víðsvegar um fjórðunginn. Slík kynning er nauðsynleg þar sem öll stoðkerfi í landshlutanum eru kynnt sem heild og hægt að sjá samlegðaráhrif á milli stofanna. Það er engin vafi að þessar kynningar hafa aukið á sýnileika starfssemi markaðsstofunar og hvað starfssemi hennar getur og hefur áorkað í að kynna og koma svæðinu, sveitarfélögum og fyrirtækjum á framfæri. Í 26.000 mannsamfélagi er nauðsynlegt að allir vinni saman að þeim markmiðum að kynna og markaðssetja þá möguleika sem landshlutinn hefur fram að færa.

Stjórnarfundir

Annar mánudag í hverjum mánuði eru haldnir stjórnarfundir þar sem málefni markaðsstofunar eru kynnt fyrir stjórn. Það er nauðsynlegt að stjórn sé með í ráðum hvað varðar helstu verkefni markaðsstofunar og því hefur framkvæmdastjóri unnið náið með stjórninni, sem hefur lagt blessun sína yfir einstök verkefni. Eins hefur stjórnarformaður og einstakir stjórnarmenn veitt framkvæmdstjóra stuðning og ráðgjöf með einum og öðrum hætti í daglegum rekstri markaðsstofunar.

Helstu reytingar urðu á stjórn þegar fulltrúi Ríki Vatnajökuls Rósa Halldórsdóttir hætti stjórnarsetu og Sigrún Kapítola tók við.

Styrkur úr Inspiret by Iceland boð til flugfélaga og samstarfsaðila

Sótt var um styrk í Inspiret by Iceland verkefnið 1.000.000 krónur til að geta tekið á móti ferðakaupendum. Var markaðsskrifstofum Iceland Express og Icelandair boðið að nýta sér svokallaðar FAM-ferðir (kynningarferðir) og bjóða samstarfsaðilum á sínum svæðum að koma til Íslands og heimsækja okkur á Suðurland. Í tengslum við þessar ferðir var ferðakaupendum kynnt sérstaklega sveitarfélögin sem eru í samstarfi við markaðsstofuna og þá þjónustu sem sveitarfélögin bjóða uppá s.s. tjaldsvæði, íþróttaaðstaða, sundlaugar, söfn o.s.fr. Var það gert með heimsóknum í sveitarfélögin og skipulögðum workshop (vinnustofum) þar sem ferðaþjónustuaðilum sem eru aðilar að markaðsstofunni og ferðamálafulltrúum og fulltrúum sveitarfélaga var boðið að koma og kynna sig. Frá því í október fram í desember komu um fimm hópar alls 70 manns frá mismunandi löndum Danmörku, Póllandi, Englandi og Finnlandi svo eitthvað sé nefnt.



Fyrirhugað er að vinna ennfrekar að móttöku ferðakaupenda á næsta ári og er sérstaklega gert ráð fyrir gjaldalið í þeim efnum. Að mati stjórnar og framkvæmdastjóra eru þessar heimsóknir oft árangurrikari heldur margar sýningar þar sem ferðakaupendur fá að kynna af eigin raun landshlutanum, sveitarfélögunum og fyrirtækjum og meira svigrúm að mynda sambönd sem leiða til viðskipta.

Myndir af nokkrum FAM-hópum



Fundir og sýningar

Mikill áhugi hefur verið á Suðurlandi og hefur markaðsstofan verið beðinn um að kynna landshlutann á fundum og sýningum. Þannig kom framkvæmdastjóri að stórri kynningu á Nordica / Hilton hótelinu í Reykjavík fyrir ferðakaupendur frá Skandinavíu. Stjórnarformaður kynnti svæðið í fjarveru framkv.stjóra á fundi veitingamanna á Hótel Hvolsvelli í lok nóvember. Fulltrúum markaðsstofunar hefur verið boðið að taka þátt í ferðakynningu á vegum Icelandair og Matka / Finnlandi í St. Petersburg og Helsinki um miðjan 17. janúar 2011. Eins er ákveðið að markaðsstofan verði á Mid-Atlantic ferðakaupsýningunni í Reykjavík í byrjun febrúar. Það er nauðsýnlegt að vera sýnilegur sem víðast sér í lagi þar sem eldgosíð í Eyjafjallajökli hefur vakið mikla athygli og því nauðsýnlegt „að hamra stálið meðan það er heitt“ og nýta sér þenna meðbyr sem Suðurlandið hefur.

Helgina 18. til 21. mars hefur Markaðsstofa Suðurlands tekið á leigu sýningarrými í Ráðhúsi Reykjavíkur. Ætlunin er að kynna fyrir stjórn MSS og APS möguleika á atvinnulífssýningu fyrir sveitarfélög, fyrirtæki og stofnanir á Suðurlandi. Að samstarfsaðilum í Reykjavík verði boðið í móttöku og kynningu á opunardeggi og síðan opnir sýningardagar fyrir almenning um

helgina. Í tengslum við sýninguna yrði gefið út innblað um landshlutann sem dreift væri með einhverju af stóru fréttablöðnum á höfuðborgarsvæðinu. Reynt yrði að kynna sýninguna með útsendingu og viðtölum í sjónvarpi og útvarpi. Helsti hvatinn að sýningunni er að kynna þá þjónustu sem við höfum uppá að bjóða í landshlutanum, fá ferðakaupendur og fyrirtæki sem hafa áhuga að koma og kynna sér það sem efst er á baugi hér á svæðinu koma á reglulegri kynningu sem gæti orðið árviss viðburður.

Fréttatilkynningar samskipti við fjölmiðla

Samskipti við landshlutamiðlana hefur gengið mjög vel. Þannig hefur verið mjög auðsótt mál að fá að koma fréttatilkynningum á framfæri í Dagskránnu, Sunnlenska og Eystra Horn. Unnið hefur verið markvisst að kynna markaðsstofuna og starfssemina þannig hafa birst fréttatilkynningar um uppskeruhátíðina sem var í október s.l. komu ferðakaupenda (FAM-ferðir), viðtal við framkvæmdastjóra í áramótablaði Dagskrárinnar svo eitthvað sé nefnt.

Vinna við heimasíðu

Búið er að vinna mikið í enska hlutanum s.s. setja inn lýsingar á allar síður til að hámarka árangur á leitarvélum, setja inn heiti á síðum einnig til að hámarka árangur í leitarvélum og síðast en ekki síst fara í gegn um flestar síður á enska hlutanum og passa að þar séu „rétt orð“ einnig í þeim tilgangi að hámarka árangur á leitarvélum. Í framhaldi af því var lagt í vinnu hjá skráningum ferðapjóna. Fyrst var samræmt við handbókina þ.e. samstarfsaðilar samræmdir við handbókina s.s. textar og upplýsingar. Svo var sendur út póstur á alla samstarfsaðila sem voru ekki með sínar skráningar í lagi og beðið um upplýsingar, myndir og annað slíkt.

Undanfarið hefur verði unnið enn meira í ferðapjónum og er svo nú að langstærsti hlutinn er komin með myndir og rétta skráningu og enskur texti orðinn með ágætum. Byrjað er að vinna í íslenskum textum og vonast ég til að sú vinna klárast fyrra hluta janúar. Forsíðan er að verða komin í það form sem við viljum hafa hana í og ágætis gagnvirkni er á neðri hluta hennar. Búið að setja upp viðburðadagatal og myndbandið fyrir Suðurland.

Undirbúningur og vinna við útgáfu á borðkort

Seinustu vikur hefur verið að vinnu við borðkort sem dreift verður inná gististaði upplýsingamiðstöðvar á svæðinu. Inná kortið verða merktar allar upplýsingamiðstöðvar í landshlutanum,

helstu perlur svæðisins og allar sundlaugar svo eitthvað sé nefnt.

Borðkortíð er að fyrirmynd annara korta í öðrum landshlutum Norður- og



Vesturlandi. N1, Flugfélagið Arnir, Fjallaleiðsögumenn, Kynnisferðir og Vatnajökul Travel styrkja útgáfu kortsins. Fyrirhugað er að kortið verði tilbúið til dreifingar í lok janúar.

Umsókn í Vaxtasamning

Markaðsstofa Suðurlands ásamt Háskólafélagi Suðurlands, Háskólasetrinu Höfn sóttu um styrk í Vaxtasamning Suðurlands fyrir árið 2011. Um er að ræða verkefni sem á að stuðla að aukinni heimsóknum inni landhlutann á lágönn. Ákveðið var að leggja áherslu á náms- og skólahópa. Yfirskrift verkefnisins er „Fræðandi ferðþjónusta“. Fékkst 5.000.000 í styrk. Næstu vinna er að kortleggja vinnuferlið, rannsóknir, úrvinnslu, vöruþróun, markaðssetningu og kynningar.

Uppskeruhátíð

Markaðsstofu Suðurlands stóð fyrir uppskeruhátíð 8.október s.l á Hótel Heklu. Hátíðargestir komu af öllu Suðurlandinu austan úr Ríki Vatnajökuls, frá Vestmanneyjum, Mýrdalnum, Skaftárhreppi, Rangárþingi, Uppsveitunum, Suðurströndinni og af höfuðborgarsvæðinu þar sem fremst í fylkingu var Katrín Júlíusdóttir iðnaðarráðherra sem heiðraði samkomuna með nærveru sinni.

Dagskráin byrjaði með skoðunarferð og heimsóknum til ferðþjónustuaðila á svæðinu, en það var G.Tyrfingsson sem bauð uppá aksturinn. Fyrst voru þau heimsótt Eyrún og Steingrímur í Kálfholti hesta- og ferðþjónustubændur á Kálfholti í Ásahreppi. Þar tóku heimilismenn á móti gestum með miklum myndarbrag með glæsilegri hestasýningu og fallegum söng heimasættunnar og veitingum. Áfram var haldið upp Landið til ferðþjónustubænda að Leirubakka þar var ekki síður vel tekið á móti hópnum með alls kyns trakteringum. Fékk hópurinn leiðsögn um fyrirtækið ásamt því að skoða Heklusýninguna og fallega húsið sem hýsir starfseminu.

Eftir skemmtilegar heimsóknir um daginn kom hópurinn aftur á Hótel Heklu.

Þar var boðið uppá fordrykk áður en sest var að borðum og skemmt sér fram eftir kvöldi með gamanmáli og söng undir stjórn Inga Þórs Jónssonar markaðs- og kynningarfulltrúa Heilsustofunnarinnar í Hveragerði. Að lokum sá hljómsveitin „Allra veðra von“ um að halda upp dansstemmningu inni nóttina. Þessi hátíð var einstaklega vel heppnuð að mönnum fannst. Voru allir sem komu glaðir að geta hist og elft tengslin og samtakamáttinn sem við Sunnlendingar erum farnir að sýna svo sterkt útávið.

Sérstakar þakkir fá þau Sigrún og Jón vertar á Hótel Heklu fyrir frábærar móttökur og gestrisni á þessari fyrstu uppskeruhátíð Markaðsstofu Suðurlands án þeirra hefði hátíðin ekki orðið eins góð og raun bar vitni svo fá allir þakkir sem mættu án ykkar hefði hátíð ekki orðið að þessari frábæru skemmtun.

Myndir frá Uppskeruhátíðinni



Undirbúningur vegna ljósmyndasamkeppni

Komin er að stað vinna varðandi ljósmyndasamkeppni fyrir Suðurland 2011. Tilgangur ljósmyndasamkeppninar er að fá fjölbreytt úrval mynda af Suðurlandi og að markaðsstofan eignist banka mynda sem hægt væri að nota við gerð kynningarefnis og dreifingar til þeirra sem eru að vinna að sölu svæðisins. Til að byrja með yrði lögð áhersla á að fá myndir sem tengjast vetrinum og vetrarferðamennsku þannig og að allir ættu þess kost að senda myndir inn bæði fag- og leikmenn. Ætlunin er að kynna fyrir stjórn MSS að fá verkefnisstjóra í þetta verkefni leggja sem yrði fjármagnaður að hluta til af markaðsstofunni.

Samstarfsvettvangur markaðsstofa

Heilmikið hefur verið unnið með markaðsstofum í öðrum landshlutum. Þannig sameinuðumst við um sameiginleg hagmunamál eins og framlög frá Iðnaðarráðuneyti með fundum við Fjárlaganefnd og þingmenn kjördæmana. Eins hafa ýmis mál verið til tals eins og almenn samvinna með stofnunum í Reykjavík s.s. Ferðamálastofa sem sér um gæða og leyfismál í ferðaþjónustunni og markaðssetningu innanlands, Íslandsstofa sem kemur að markaðs- og kynningarmálum erlendis, Ferðamálasamtök Íslands og SAF samtök ferðaþjónustunar en MSS urðu aðilar að SAF í september s.l. Þessi tvö samtök eru hagmunasamtök ferðaþjónustunar.

Framlög frá ríkinu til MSS

Framlög ríkisins til starfssemi markaðsstofunar eru tvíþætt frá Ferðamálastofu og verða þau sömu 2011 og í fyrra 5.000.000 svo frá Iðnaðarráðuneytinu sem lagði til 5.000.000 fyrir árið 2010 í ár 2011 verður framlagið skert niður í 3.500.000

Ráðgjöf til ferðaþjóna

Ferðaþjónustuaðilar hafa leitað í auknu mæli til markaðsstofunar með allskyns ráðgjöf varðandi gerð kynningarefnis, kaup á auglýsingum og þátttöku í sýningum. Það sannar þá staðreynd hversu mikilvæg starfssemi Markaðsstofu Suðurlands er sem grunnþjónustuan við greinina. Það er ánægjulegt hversu margir nýir aðilar hafa sýnt áhuga á þátttökuaðild í markaðsstofunni og er engin vafi að öll sú umræða og innri markaðssetning sem hefur átt sér stað er að skila sér síðast en ekki síst hafa FAM-ferðirnar vakið athygli og áhuga fólks að taka þátt í slíku markaðsstarfi.